

## FUNDARGERÐ BÆJARSTJÓRNAR

### 629. fundur

Ár 2010, fimmtudaginn 4. mars kl. 17:00 kom bæjarstjórn Bolungarvíkur saman til fundar í fundarsal bæjarins, Ráðhúsinu við Aðalstræti. Fundargerðin var rituð af Sunnu Reyri Sigurjónsdóttur.

#### **Fundinn sátu:**

Ragna Jóhanna Magnúsdóttir, Elías Jónatansson, Sölvi R. Sólbergssona í stað Baldurs Smára Einarssonar, Anna G. Edvardsdóttir, Soffía Vagnsdóttir, Jóhann Hannibalsson og Auður Hanna Ragnarsdóttir í stað Gunnars Hallssonar.

Forseti bæjarstjórnar, Ragna Jóhanna Magnúsdóttir setti fundinn og bauð bæjarfulltrúa og ritara velkomna til fundarins. Forseti leitaði afbrigða við dagskrá og óskaði eftir að taka fundargerðir byggingarnefndar FHB frá 2/3 og velferðarráðs frá 2/3 á dagskrá, einnig óskaði forseti eftir því að bæta við einum lið, samþykkt kjörskrár vegna þjóðaratkvæðagreiðslu sem verður 6. mars.

Það var samþykkt í einu hljóði.

Því næst kynnti forseti dagskrá fundarins og var gengið til hennar.

#### **DAGSKRÁ**

1. Fundargerðir bæjarráðs frá 9/2, 16/2 og 2/3.
2. Fundargerðir barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum frá 10/12 2009 og 25/2.
3. Fundargerðir byggingarnefndar FHB frá 19/1, 1/2 og 2/3.
4. Fundargerðir velferðarráðs frá 2/2 og 2/3.
5. Fundargerð hafnarstjórnar frá 10/2.
6. Fundargerð umhverfismálaráðs frá 23/2.
7. Þriggja ára áætlun 2011 – 2013.  
( Síðari umræða )
8. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010.

#### **AFGREIÐSLA**

1. Fundargerðir bæjarráðs frá 9/2, 16/2 og 2/3.

##### 1.1 Fundargerð bæjarráðs frá 9/2

Forseti lagði til að liður eitt verði ræddur með fundargerð bæjarráðs frá 16/2, það var samþykkt í einu hljóði.

Til máls tóku: Jóhann Hannibalsson, Elías Jónatansson og Soffía Vagnsdóttir.

Fundargerðin, utan lið eitt var samþykkt í einu hljóði.

### 1.2 Fundargerð bæjarráðs frá 16/2

Til máls tóku: Elías Jónatansson, Soffía Vagnsdóttir og Jóhann Hannibalsson.

#### **Bókun varðandi athugun á sameiningu skólastiga og framtíðarsýn fyrir staðsetningu leikskóla**

„Ekki verður lagt til að skólastigin þrjú í Bolungarvík verði sameinuð, þar sem hagræðing af sameiningu yrði einungis um 3 m.kr á ári miðað við að ítrustu hagræðingu verði náð. Ein af forsendum sameiningar væri að skólastjórnendur væru henni hlyntir og teldu hana bæta þjónustu við nemendur og foreldra og / eða gæði kennslunnar. Skólastjórnendur hafa allir lýst sig fremur andvíga sameiningu skólastiganna.

Stefnt skal að því að leikskólinn verði rekinn á einum stað en ekki á tveimur eins og nú er raunin.

Samkvæmt skýrslu sem unnin er af R3 ráðgjöf væri hægt að mæta núverandi þörf með því að byggja við leikskólann í Hlíðarstræti eða færa alla starfsemina í Lambhaga og byggja við þar. Þá eru nefndir fleiri valkostir í stöðunni sem ekki hafa hlotið jafn góðan hljómgrunn. Ef miðað er við óbreyttan fjölda barna í leikskóla eða um 50 börn þá er niðurstaðan samkvæmt skýrslunni að valkostirnir séu jafndýrir, þ.e. sá valkostur að byggja við í Hlíðarstræti og færa allan leikskólann þangað og hinn að byggja lítillaga við Lambhagann og færa alla starfsemina þangað. Sé horft til framtíðar og möguleikar á frekari stækkun teknir inn í myndina þá virðist ljóst að betri kostur væri að færa alla starfsemina í Lambhaga fyrst og byggja þar við litla byggingu, sem fyrri áfanga. Í síðari áfanga yrði síðan byggð stærri viðbygging. Auk þess að hafa meiri stækkunarmöguleika þá væri verið að færa starfsemina nær grunnskólanum sem gefur aukinn sveigjanleika í starfseminni.

Bæjarstjórn telur ekki rétt svo skömmu fyrir kosningar að taka ákvörðun um stækkun eða nýbyggingu leikskólans þar sem ljóst er að samkvæmt þriggja ára áætlun sveitarfélagsins þá er ekki svigrúm til að ráðast í nýbyggingu fyrr en eftir árið 2011. Ljóst er að ef leikskólinn á að geta tekið við fleiri börnum en í dag þá er um að ræða framkvæmd sem kostar vart undir 100 m.kr. Bæjarstjórn leggur því til að á árinu 2011 verði unnin frumdrög að leikskóla á einum stað sem byggi á ítarlegri þarfagreiningu. Ákvörðun um nýbyggingu eða flutning verði síðan tekin í kjölfarið á þeirri vinnu.“

#### **Bæjarstjórn Bolungarvíkur 4. mars**

**2010**

Fundarhlé hófst kl. 17.30.

Fundi fram haldið kl. 17. 45.

Fundargerðin ásamt lið eitt úr fundargerð bæjarráðs frá 9/2 var samþykkt í einu hljóði.

### 1.3 Fundargerð bæjarráðs frá 2/3

Til máls tóku: Jóhann Hannibalsson, Elías Jónatansson, Soffía Vagnsdóttir, Sölvi R. Sólbergsson og Anna G. Edvardsdóttir.

Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

## **2. Fundargerðir barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum frá 10/12 2009 og 25/2.**

### 2.1 Fundargerð barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum frá 10/12 2009

Enginn tók til máls.

Fundargerðin var kynnt.

2.2 Fundargerð barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum frá 25/2

Enginn tók til máls.

Fundargerðin var kynnt.

**3. Fundargerðir byggingarnefndar FHB frá 19/1, 1/2 og 2/3.**

3.1 Fundargerð byggingarnefndar FHB frá 19/1

Enginn tók til máls.

Fundargerðin var kynnt.

3.2 Fundargerð byggingarnefndar FHB frá 1/2

Enginn tók til máls.

Fundargerðin var kynnt.

3.3 Fundargerð byggingarnefndar FHB frá 2/3

Enginn tók til máls.

Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

**4. Fundargerð velferðarráðs frá 2/2 og 2/3.**

4.1 Fundargerð velferðarráðs frá 2/2

Enginn tók til máls.

Fundargerðin var kynnt.

4.2 Fundargerð velferðarráðs frá 2/3

Enginn tók til máls.

Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

**5. Fundargerð hafnarstjórnar frá 10/2.**

5.1 Fundargerð hafnarstjórnar frá 10/2

Til máls tóku: Soffía Vagnsdóttir og Elías Jónatansson.

Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

**6. Fundargerð umhverfismálaráðs frá 23/2.**

6.1 Fundargerð umhverfismálaráðs frá 23/2

Enginn tók til máls.

Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

**7. Þriggja ára áætlun 2011 – 2013.**

**( Síðari umræða )**

7.1 Þriggja ára áætlun 2011 – 2013

( Síðari umræða )

Til máls tóku: Elías Jónatansson og Soffía Vagnsdóttir

Þriggja ára áætlun var samþykkt í einu hljóði.

**8. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010.**

8.1 Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010

Enginn tók til máls.

Á kjörskrá í Bolungarvík eru 310 karlar og 307 konur eða 617 alls.

**Bæjarstjórn staðfestir kjörskrá fyrir Bolungarvíkurkaupstað.**

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.50.

**Elías Jónatansson  
Sölvi Rúnar Sólbergsson  
Ragna Jóhanna Magnúsdóttir  
Anna G. Edvardsdóttir**

**Jóhann Hannibalsson  
Auður Hanna Ragnarsdóttir  
Soffía Vagnsdóttir**